

12. febrúar 2020.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Skóladagatöl 2020-2021, mál 1902128

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs, grunnskólahluti, leggur fram tillögu á fræðsluráðsfundi 12. febrúar 2020 fyrir skólaárið 2020-2021. Þetta er tillaga að grunn-skóladagatali sem ætlað er öllum grunnskólum bæjarins til að útfæra það nánar þegar það hefur verið samþykkt af ráðinu. Framkvæmdin er svipuð og mörg undanfarin ár – en það eru skiptar skoðanir um framkvæmdina eins og hefur verið rætt á fundum á fundum ráðsins. Sú tillaga sem kemur hér er örlítið breytt miðað við þau drög sem voru lög fram á síðasta fundi fræðsluráðs.

Þetta er efni grunn-skóladagatalsins.

- a. Skilgreindir eru fimm námskeiðsdagar í upphafi skólaársins, þ.e. frá 10.-14. ágúst. Þeir fela í sér að kennarar grunnskólanna, og aðrir starfsmenn eftir atvikum, geta þurft að sækja námskeið sem verða haldin á vegum einstakra grunnskóla eða skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. Það er ákveðin hefð að kalla nýja starfsmenn grunnskólakerfisins til námskeiðahalds í 2-3 daga að hausti. Það er gert til að kynna þeim skólastarfið og færa þeim fræðslu sem aðrir starfsmenn hafa sérstaklega. Þetta er t.d. fræðsla sem tengist kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum (samstarf við Blátt áfram), um hinseiginleikann (samningur við Samtökin 78). Það geta kennarar sótt eigin símenntun á þessum tíma – t.d. er ráðgerð ráðstefna þann 14. ágúst nk. þar sem *Samtök áhugafólks um skólaþróun* og samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu innan SSH (þróunarfulltrúi grunnskóla er fulltrúi Hafnarfjarðar í því samstarfi).
- b. Undirbúningsdagar (frá 15. ágúst) eru skilgreind sex í tillögunni. Samkvæmt kjarasamningi grunnskólakennara skilu undirbúnings- og frágangsdagar kennara utan skóladaganna 180 vera átt. Það merkir að frágangsdagar í júní (á bilinu 10-15. Júní) vera tveir. Frágangsdagarnir koma fram þegar grunnskólarnir hafa raðað sínum 180 skóladögum inn í skóladagatalið svo frágangsdagarnir munu koma inn á síðari stigum.
- c. Skipulagsdagar innan skólaársins (skóladaganna 180) skulu vera fimm. Í Hafnarfirði hafa þeir verið, að fullu eða að hluta, sameiginlegir fyrir leik- og grunnskóla bæjarins. Tillagan hér gerir ráð fyrir þremur sameiginlegum dögum (13.11., 24.02. og 25.05.). Skólaumhverfið óskar eftir að sameiginlegir skipulagsdagar séu sem fæstir, eða alls engir. Þeir skipulagsdagar sem ekki eru sameiginlegir skulu skólar skrá sjálfir í framhaldinu.
- d. Vetrarfrí er skilgreint á skóladagatalinu, tvisvar tveir dagar skipt á báðar annirnar. Það fyrirkomulag hefur verið um nokkurn tíma. Sú tilhögun var ákveðin eftir talsverða skoðun og það ríkti mest sátt um þetta fyrirkomulag, þ.e. að slíta sundur langar vinnulotur skólanna og gefa smá rými til hvíldar (líkt og mánaðarfríin voru í grunnskólum áður). Reynsian sýnir að það hefur góð

áhrif á skólastarfið. Aðrar mögulegar tímasetningar fyrir vetrarfrí munu fara í skoðun fyrir skóladagatalið fyrir skólaárið 2021-2022.

Gert er ráð fyrir á grunn-skóladagatalið verði samþykkt í fræðsluráðsfundinum í dag. Síðan fái grunnskólarnir einn mánuð til að útfæra sitt dagatal áður en það komi aftur inn til fræðsluráðs til staðfestingar.

Blaðsíða | 2

Virðingarfyllt,



Vigfus Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla